

2013 nr. 138 27. desember**Lög um stimpilgjald**

Tóku gildi 1. janúar 2014. *Breytt með:* L. 46/2014 (tóku gildi 1. júní 2014). L. 75/2014 (tóku gildi 7. júní 2014). L. 125/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015 og a–d-liður 1. gr., 6.–7., 13. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.). L. 59/2017 (tóku gildi 21. júní 2017 nema 4., 9.–11., 16. og 18.–25. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017, b- og c-liður 2. gr. og 6. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018 og 3. gr. sem tók gildi 1. jan. 2019 skv. l. 96/2017, 48. gr.; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 26. gr.). L. 150/2019 (tóku gildi 31. des. 2019). L. 49/2020 (tóku gildi 5. júní 2020). L. 56/2020 (tóku gildi 25. júní 2020). L. 32/2021 (tóku gildi 1. nóv. 2021 nema 7. og 8. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2022). L. 36/2022 (tóku gildi 1. júlí 2022).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Stimpilgjald.**

□ Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald, stimpilgjald, af þeim skjölum sem gjaldskyld eru samkvæmt lögum þessum.

■ 2. gr. Upphaf gjaldskyldu og ábyrgð.

□ Gjaldskylda stofnast þegar gjaldskylt skjal er undirritað. Ef tveir eða fleiri aðilar undirrita gjaldskylt skjal stofnast gjaldskyldan er hinn síðasti undirritar skjalið.

□ Aðili sem byggir rétt á gjaldskyldu skjali ber ábyrgð á greiðslu stimpilgjalds.

■ 3. gr. Gjaldskyld skjöl.

□ Greiða skal stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslu fasteigna hér á landi . . .¹⁾ svo sem afsölum, kaupsamningum og gjafageringum. [Ákvæði 1. máls. á ekki við þegar nafnbreyting verður á eiganda fasteignar . . .¹⁾ í opinberum skrá, svo sem í þinglýsingabókum, í kjölfar félaga-réttarlegs samruna, breytingar einkahlutafélags í hlutafélag eða skiptingar.]²⁾

□ Greiða skal stimpilgjald vegna eftirrita af dómum, sáttum og lögbókandagerðum er skapa réttindi eða skyldur sem ekki hefur áður verið gert um gjaldskylt skjal, sbr. 1. mgr.

□ [Aðilar sem eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 10. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, eru undanþegnir gjaldskyldu í samræmi við sérlög eða ákvæði alþjóðasamninga eða tvíhliða samninga.]³⁾

□ [Lögaðilar sem falla undir 9. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og eru undanþegnir greiðslu tekjuskatts samkvæmt þeim lögum, eru undanþegnir gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum.]⁴⁾

□ Gjaldskylda skjals fer eftir þeim réttindum er það veitir en ekki nafni þess eða formi.

¹⁾ L. 49/2020, 1. gr. ²⁾ L. 125/2015, 38. gr. ³⁾ L. 59/2017, 24. gr. ⁴⁾ L. 32/2021, 9. gr.

■ 4. gr. Gjaldstofn.

□ Gjaldstofn stimpilgjalds er verð viðkomandi eignar eins og það er tilgreint í gjaldskyldu skjali. Verðbreyting til hækkunar á skjali sem áður hefur verið greitt af stimpilgjald er gjaldskyld og skal gjaldið þá nema hækkun þeirri er orðið hefði ef hið herra verð hefði staðið í skjalinu frá upphafi.

□ Stimpilgjald af gjaldskyldu skjali sem kveður á um eignaryfirfærslu fasteignar ákvarðast eftir matsverði eins og það er skráð í fasteignaskrá þegar gjaldskylda stofnast, [enda endurspeglir matsverðið byggingarstig eignar við afhendingu],¹⁾ [en annars skal leggja til grundvallar matsverð sem miðast við byggingarstig eignar við afhendingu].²⁾

□ . . .³⁾

□ Þegar fasteign . . .³⁾ er úthlutað félagsmanni í félagi við félagsslit greiðist stimpilgjald að því marki sem eignarhlutur

hans í eigninni verður meiri en eignarhlutur hans var í félaginu.

□ Þegar greitt hefur verið stimpilgjald vegna kaupsamnings eða annars skjals um eignaryfirfærslu á fasteign . . .³⁾ er af-salsbréf til sama kaupanda undanþegið stimpilgjaldi.

□ Ef gjaldskylt skjal stofnar til réttinda eða skyldna er meta má til mishárra fjárhæða skal greiða stimpilgjald af hæstu fjárhæðinni.

□ Ef í sama skjali felast fleiri en ein tegund gjaldskyldra gerninga eru báðar eða allar tegundir gjaldskyldar.

□ Þegar gjaldskyld skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki er aðeins eitt þeirra gjaldskylt.

□ Nú kveður gjaldskylt skjal á um greiðslu í erlendum gjaldmiðli og ákvarðast stimpilgjaldið þá af sölugengi þess gjaldmiðils eins og hann er skráður hér á landi þegar greiðsla stimpilgjalds fer fram. Með sölugengi er átt við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands.

□ Sýslumaður skal kanna í hverju tilviki hvort gjaldskyld fjárhæð er rétt tilgreind í gjaldskyldu skjali [og hvort matsverð endurspeglir byggingarstig eignar við afhendingu].¹⁾ [Sýslumaður skal styðjast við upplýsingar frá [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun].⁴⁾] Sýslumaður getur krafði gjaldanda um allar nauðsynlegar skýringar eða gögn vegna fjárhæðarinnar.

□ Ef gjaldandi sinnir ekki áskorun sýslumanns um að gefa skýringar eða leggja fram gögn skv. 10. mgr. eða hin tilgreinda gjaldskylda fjárhæð þykir ósennileg eða tortryggileg skal sýslumaður taka ákvörðun um fjárhæð gjaldsins. [Ef gjaldskyld fjárhæð endurspeglar ekki matsverð í samræmi við byggingarstig eignar við afhendingu skal sýslumaður ákvarða um gjaldskylda fjárhæð á grundvelli matsverðs sem miðast við byggingarstig eignar við afhendingu. Sýslumaður skal við ákvörðun sína styðjast við upplýsingar frá [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun].⁴⁾] Sé þess þörf skal sýslumaður afla umsagnar sérfróðra aðila áður en stimpilgjaldið er ákvarðað.

¹⁾ L. 75/2014, 1. gr. ²⁾ L. 56/2020, 1. gr. ³⁾ L. 49/2020, 2. gr. ⁴⁾ L. 36/2022, 15. gr.

■ 5. gr. Gjaldhlutfall.

□ Af gjaldskyldum skjölum skal greiða:

a. 0,8% stimpilgjald ef rétthafi er einstaklingur,

b. 1,6% stimpilgjald ef rétthafi er lögaðili.

□ Ef fasteign [er seld]¹⁾ veðhafa við nauðungarsölu greiðir veðhafi hálf stimpilgjald af verðmæti eignarinnar hvort sem hann er einstaklingur eða lögaðili.

□ Þegar um er að ræða fyrstu kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði greiðist hálf stimpilgjald af gjaldskyldu skjali.

□ [Skilyrði helmingsafsláttar af stimpilgjaldi skv. 3. mgr. eru þau að kaupandi íbúðarhúsnæðis hafi ekki áður verið þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði hvort sem er með kaupum, arftöku, gjafageringi eða eignaryfirfærslu með hvers kyns öðrum hætti.]²⁾

□ Séu kaupendur að íbúðarhúsnæði fleiri en einn skal hlutfall stimpilgjalds af hinu gjaldskylda skjali fara eftir eignarhlut þess kaupanda sem uppfyllir skilyrði 4. mgr., sbr. 3. mgr.

□ Í þeim tilvikum þegar maki kaupanda eða sambúðaraðili hefur áður verið þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði, [sbr. 4. mgr.],²⁾ skal réttur þess sem uppfyllir skilyrði helmingsafsláttar stimpilgjalds skv. 3. mgr. aldrei verða meiri en nemur helmingi af annars ákvörðuðu stimpilgjaldi hins gjaldskylda skjals.

□ Sýslumaður skal við ákvörðun um helmingsafslátt stimpilgjalds skv. 3. mgr. kanna hvort skilyrði afsláttarins eru uppfyllt. Í því skyni er honum heimilt að óska eftir gögnum frá kaupanda en að jafnaði skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir:

a. Staðfesting úr fasteignaskrá um að kaupandi hafi ekki áður verið þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði, [sbr. 4. mgr.]²⁾

b. Staðfesting um hjúskaparstöðu kaupanda og hvort maki hans eða sambúðaraðili hefur áður verið þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði, [sbr. 4. mgr.]²⁾

□ ...³⁾

¹⁾ L. 49/2020, 3. gr. ²⁾ L. 56/2020, 2. gr. ³⁾ L. 125/2015, 39. gr.

■ 6. gr. Skjöl undanþegin stimpilgjaldi.

□ Eftirtalin skjöl eru undanþegin stimpilgjaldi:

a. Samningar þess ráðherra er fer með málefni landbúnaðar við bændur um töku jarða til nytjaskógræktar.

b. Skjöl er sýna yfirfærslu fasteigna er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur eða maka upp í búshelming, enda sé ekki samhliða um sölu eða söluafsal að ræða.

c. Skjal sem samkvæmt efni sínu er gjaldskylt í samræmi við ákvæði laga þessara en er undanþegið stimpilgjaldi vegna sambands þess við annað gjaldskylt skjal.

II. kafli. Gjaldddagi og eindagi stimpilgjalds, staðfesting á greiðslu, álag, endurgreiðsla og endurákvörðun.

■ 7. gr. Gjaldddagi og staðfesting á greiðslu.

□ Sýslumenn annast innheimtu stimpilgjalds.

□ Gjaldddagi vegna gjaldskylds skjals er þegar gjaldskylda stofnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Eindagi er tveimur mánuðum síðar.

□ Ef gjaldskylt skjal er afhent til þinglýsingar skal greiða stimpilgjald vegna þess.

□ Sýslumaður gefur út greiðslukvittun til staðfestingar á því að stimpilgjald hafi verið greitt.

□ Ráðherra getur falið tilteknu sýslumannsembætti að annast innheimtu stimpilgjalds.

■ 8. gr. Álag.

□ Ef stimpilgjald er ekki greitt á [eindaga]¹⁾ skal greiða álag til viðbótar því stimpilgjaldi sem greiða bar. [Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.]¹⁾

□ Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir [eindaga],¹⁾ þó ekki herra en 10%.

□ Fella má niður álag ef gjaldandi færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur sýslumaður metið í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

¹⁾ L. 46/2014, 11. gr.

■ 9. gr. Endurgreiðsla stimpilgjalds.

□ Sýslumaður skal endurgreiða stimpilgjald þegar gjaldskylt skjal er ógilt með öllu að lögum eða ekki verður af því að það réttarástand skapist sem hið gjaldskylda skjal ráðgerði. Ef stimpilgjald af skjali sem ekki er gjaldskylt er af vangá innheimt eða innheimt er of hátt stimpilgjald af gjaldskyldu skjali skal endurgreiða það sem ofgreitt er samkvæmt [lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda].¹⁾

□ Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein má aðeins fara fram ef beiðni um hana hefur borist sýslumanni áður en fjögur ár eru liðin frá undirritun þess skjals sem beiðnin varðar. Heimilt er þó að víkja frá þessum fresti við mjög sérstakar aðstæður.

□ Ráðherra getur falið tilteknu embætti sýslumanns að annast endurgreiðslur á stimpilgjaldi.

¹⁾ L. 150/2019, 22. gr.

■ 10. gr. Endurákvörðun stimpilgjalds.

□ Komi í ljós að ekki hefur verið greitt stimpilgjald í samræmi við lög þessi hefur sýslumaður heimild til að endurákværða stimpilgjald. Heimild til endurákvörðunar gildir í sex ár frá því að upphafleg ákvörðun um innheimtu stimpilgjalds var eða mátti vera tekin.

□ Hafi gjaldandi látið í té fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta ákvörðun stimpilgjalds á, er heimilt að endurákværða honum stimpilgjald í tvö ár frá því að upphafleg ákvörðun um innheimtu stimpilgjalds var eða mátti vera tekin.

III. kafli. Kæruheimild, refsingar og eftirlit.

■ 11. gr. Kæruheimild.

□ Rísi ágreiningur um stimpilgjald samkvæmt lögum þessum er gjaldanda heimilt að kæra ákvörðun sýslumanns til [yfirkattanefndar].¹⁾ Kærufrestur skal vera þrjú mánuðir frá dagsetningu ákvörðunar. Kæra til [yfirkattanefndar]¹⁾ frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 125/2015, 40. gr.

■ 12. gr. Refsingar.

□ Hver sá gjaldskyldur aðili sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um stimpilgjald honum viðkomandi skal greiða fésekt allt að tífundri fjárhæð þess stimpilgjalds sem undan var dregið og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfundri fjárhæð þess stimpilgjalds sem undan var dregið. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

□ Skýri gjaldskyldur aðili rangt eða villandi frá einhverju er varðar atríði sem skipta máli við ákvörðun og innheimtu stimpilgjalds má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á gjaldskyldu hans eða greiðslu gjaldsins.

□ Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur sýslumanni í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi gjaldskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til sýslumanns skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr.

□ Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

□ Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Lögaðila verður gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hvor þessara aðila hafi átt í hlut. Hafi fyrirvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og svipta hann starfsréttindum, enda sé brotið framið til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

■ 13. gr. Eftirlit.

□ Ráðherra er skylt að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og gæta þess að ákvörðun og innheimta stimpilgjalds sé samræmd á landinu öllu.

■ 14. gr. Reglugerðarheimild.

□ Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð, m.a. um frekari skilyrði greiðslu

kvittana, fyrirkomulag afsláttar af stimpilgjaldi, innheimtu stimpilgjalds og framkvæmd endurgreiðslna.

■ **15. gr.** *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2014. . . . Óstimpluð skjöl sem eru gefin út og/eða undirrituð fyrir gildistöku laga þessara eru gjaldskyld samkvæmt lögum þessum, [enda leiði það

ekki til þess að skjöl sem voru undanþegin gjaldskyldu fyrir gildistöku laga þessara verði gjaldskyld eða að greiða þurfi hærra gjald vegna gjaldskyldra skjala sem sannanlega voru gefin út fyrir gildistöku laga þessara].¹⁾

¹⁾ *L. 75/2014, 2. gr.*